

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

137. TBL. 90. ÁRG.

FIMMTUDAGUR 13. JÚNÍ 2002

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS

Alnæmi ýtir undir matvæla- skort

Róm. AP.

SJÓ milljónir bænda í Afríku hafa dáðið úr alnæmi á síðustu tveimur áratugum og framleiðnin hefur minnkað um allt að 50% af þeim sökum, að sögn fulltrúa alnæmisstofnunar Sameinuðu þjóðanna á matvælaráðstefnu samtakanna í Róm í gær.

Marika Fahlen, fulltrúi UNAIDS, benti á að matvælaþöfnunin í sunnanverðri Afríku – þar sem hungursneyð er talin vofa yfir allt að 12,8 milljónum manna – er í löndum þar sem útbreiðsla alnæmis er mikil.

„Tvenns konar hörmungar hafa gengið yfir Afríku sunnan Sahara,“ sagði Fahlen. „Þar sem skorturinn á matvællum er mestur er útbreiðsla alnæmis skelfilega mikil.“

Í lokayfirlýsingu matvælaráðstefnunnar í Róm verður það víðurkennt sérstaklega að alnæmisfaraldurinn geti dregið stórlega úr matvælaframboði í þróunarlöndunum. Fahlen sagði að þótt yfirlýsingin væri skref í rétta átt þyrfti að leggja meiri áherslu á ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu alnæmis. „Vegna alnæmis hefur landbúnaðarkunnátta glatast, þjónustunni við landbúnaðinn hefur hnignað, getan til að rækta landið hefur minnkað og tekjur heimilanna dragast saman en kostnaðurinn við umönnun sjúkra rýkur upp úr öllu valdi.“

Konunum líkar daðrið vel

London. AP.

FLESTAR útívinandi konur í Bretlandi telja, að daður sé gott fyrir heilsuna og sjálfsálitíð og ein af hverjum 10 hefur átt í einhverju ástarsambandi við yfirmann sinn. Kemur þetta fram í könnun, sem birt verður í dag.

Könnunin var gerð á vegum tímaritsins *Top Sante* og heilsuræktarsamtakanna BUPA og náði til 5.000 kvenna. 75% þeirra sögðust hafa daðrað við eða tekið undir daður vinnufélag síns og 25% átt í ástarsambandi við hann.

61% kvennanna taldi daður hið besta mál og meira en 80% sögðust líka það vel þegar samstarfsmaður, yfirmaður eða viðskiptavinur sýndi þeim áhuga. Þær myndu þá bara eyða því með brosi á vör en 13% kváðust mundu bera fram kvörtun.

Aðeins 11% þeirra kvenna, sem eiga í sambandi við yfirmanninn, giftast honum en 12% fá stöðuhækkun. Raunar kváðust 5% kvennanna vera tilbúnar til að gera ýmislegt fyrir yfirmanninn í því skyni einu.

Næstum allar konurnar eða ný af hverjum tíu sögðust vera að kíkna undir kröftunum í vinnunni og á heimilinu og alveg sérstaklega þær, sem voru komnar aftur til vinnu eftir barnsburð.



AP

Iðkendur Falun Gong mótmæla í Hong Kong

LÖGREGLUMAÐUR fylgist með hópi iðkenda Falun Gong sem efndi til mótmæla á torgi í miðborg Hong Kong í gær. Yfir hundrað Falun Gong-menn söfnuðust þar saman og gengu að skrifstofum stjórnarinnar í Hong Kong til að skora á hana að hjálpa tveimur íbúum eyjunnar sem yfirvöld á kínverska meginlandinu handtóku í borginni Shenzhen í maí þegar bækur um Falun Gong fundust í fórum þeirra. Fjölskyldu annars manna var sagt að hann hefði verið handtekinn vegna gruns um að hann hefði útbreitt kenningar Falun Gong í Kína.

Vísbendingar um að al-Qaeda starfi í Kasmír

Nýju-Delhí. AP.

DONALD Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagði í gær að fram hefðu komið vísbendingar um að liðsmenn al-Qaeda, hryðjuverkasamtaka Osama bin Ladens, störfuðu í Kasmír.

Rumsfeld fór til Pakistans í gær eftir að hafa rætt við stjórnvöld á Indlandi til að reyna að afstýra því að nýtt stríð blossaði upp milli ríkjanna vegna deilunnar um Kasmír.

„Ég hef séð vísbendingar um að liðsmenn al-Qaeda starfi á svæðum við landamærin,“ sagði Rumsfeld en kváðst ekki vita hversu margir þeir væru. Hann sagði ekkert um

Rumsfeld reynir að afstýra stríði milli Indverja og Pakistana

hvort al-Qaeda-mennirnir væru meðal skæruliða á yfirráðasvæði Pakistana eða í indverska hluta Kasmír.

Bandarísk stjórnvöld hafa hingað til sagt að ekkert bendi til þess að liðsmenn al-Qaeda hafi farið frá Afganistan til Kasmír í gegnum Pakistan. Þegar varnarmálaráðherra Indlands, George Fernandes, hélt því fram í fyrra mánuði að hundrað al-Qaeda-manna væru

á meðal skæruliða á yfirráðasvæði Pakistans sögðu embættismenn bandaríska utanríkisráðuneytisins ekkert benda til þess að svo væri.

Bandarískur hátæknibúnaður notaður við eftirlitíð?

Háttsettur herforingi á Indlandi sagði í gær að hópur útlendinga, sem töluðu arabísku, hefði sést í indverska hluta Kasmír í vikunni sem leið og grunur léki á að þeir

væru í al-Qaeda. Talið er að líkurnar á stríði milli Indverja og Pakistana aukist taki al-Qaeda þátt í árásum íslamskra skæruliða á indversku landsvæði frá Pakistana.

Háttsettur embættismaður í föruneysi Rumsfelds sagði ráðherrann hafa rætt við indverska ráðamenn um möguleikann á því að bandarískur hátæknibúnaður yrði notaður til að fylgjast með því hvort skæruliðar laumuðust yfir landamærin til að gera árásir á Indlandi. Embættismaðurinn sagði að bandarískir hermenn myndu ekki taka þátt í eftirlitinu.

Rússar verji stöðu sína

Moskvu. AP.

RÚSSAR þurfa að læra að verja stöðu sína í heiminum sem stórveldi með glæsta sögu þótt þeir leiti eftir sáttum við forna fjendur, sagði



Vladímír Pútín

Vladímír Pútín Rússlandsforseti í ræðu sem hann flutti í gær í tilefni af því að tólf ár eru liðin frá því að þing landsins lýsti yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum. „Í fyrsta sinn í marga áratugi – ef ekki aldrei – eigum við ekki í baráttu eða átökum við annaðhvort allan heiminn eða einstök ríki,“ sagði Pútín í veislu í Kremli í tilefni af hátíðisdeginum. „En við verðum að læra að verja stöðu okkar og sigra í þeirri hörðu samkeppni sem ríkir í heiminum, fyrst og fremst á heimsmörkuðunum. Við erum að

byggja upp lýðræðisþjóðfélag og viljum vera virkir þátttakendur í fjölpóla og lýðræðislegri heimsskipan.“

Pútín hefur lagt kapp á að rétta efnahag Rússlands við og hefur það borið þann árangur að Bandaríkin og Evrópusambandið hafa víðurkennt landið sem markaðshagkerfi. Pútín hefur þó ekki náð meginmarkmiði sínu: inngöngu í Heimsviðskiptastofnunina, WTO.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði á fundi sínum með Pútín í Moskvu í maí að hann styddi aðild Rússlands að WTO en stofnunin ætti ekki að víkja frá reglum sínum til að landið fengi inngöngu. Í ræðu sinni lagði Pútín áherslu á að Rússar krefðust ekki neinnar „sérleiðar“ inn í WTO en gerðu kröfu til þess að komið yrði fram við þá á alþjóðavettvangi, „í samræmi við glæsta sögu Rússlands, sköpunarmátt þjóðarinnar og víðáttu okkar mikla lands“.



AP

Skógareldar ógna bæjum

YFIRVÖLD í Colorado óskuðu í gær eftir aðstoð slökkviliðsmanna frá öðrum ríkjum við að hefta útbreiðslu skógarelda sem ógna bæjum í grennd við Denver. Er þetta mestu skógareldar í sögu Colorado og höfðu um 36.000 hektarar brunnið í gær. 21 hús hefur brunnið til kaldra kola og 2.500 voru talin í hættu.

Slökkviliðsmenn deila hér vatni á hús í grennd við bæinn Deckers til að verja það.

MORGUNBLAÐIÐ 13. JÚNÍ 2002



516909001090000